

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1148*  
*komudagur 24.2.2012*

24. febrúar 2012

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar gerir eftirfarandi athugasemd frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál.

- **Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar telur að allt of litlu fé sé ætlað til uppbyggingar héraðsvega á samgönguáætlunum. Héraðsvegir eru um 24% af vegakerfi landsins en til þeirra er einungis áætlað um 1,5% af stofnkostnaði við vegagerð ef jarðgöng eru undanskilin. Stofn- og tengivegir eru um 61% af vegakerfi landsins og til þeirra er áætlað að verja um 92% af stofnkostnaði vega ef jarðgöng eru undanskilin.**
- **Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar leggur til að framlög til héraðsvega verði tvöfölduð frá því sem nú er ætlað og að upphæðin verði tekin af stofnkostnaði stofn- og tengivega. Þessi breyting mun einungis lækka framlög til stofn- og tengivega um u.þ.b. 2%.**

Umsögnin var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 7. febrúar s.l.



Með kveðju  
Jónas Vigfússon, sveitarstjóri  
Eyjafjarðarsveit  
Sími: 463 0601, 861 8286